^{323} Málslíðnum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.

^{324} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 152/2012 (Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 43), gildistaka 27.7.2012. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 112/2020 (Stjtið. ESB L 172, 6.7.2023, bls. 33 og EES-viðbætur nr. 51, 6.7.2023, bls. 32), gildistaka 1.2.2021. Aðlögunartextar e) og f) voru felldir brott með ákvörðun nr. 334/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023. Aðlögunartextar g) til t) voru endurtölusettir sem e) til r) með ákvörðun nr. (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023. Aðlögunartexti j) var felldur brott með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023. Aðlögunartexti k) var endurtölusettir sem aðlögunartexti l) með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

^{325} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 334/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

^{326} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 334/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

ekki nægur, skal beita samræmdri aðlögun að því er varðar allar úthlutanir. Draga ber fjölda losunarheimilda sem er jafn viðbótarúthlutunum án endurgjalds samkvæmt þessari undirgrein frá fjölda losunarheimilda sem Ísland skal bjóða upp í samræmi við 3. mgr. 3. gr. d. Öllum úthlutunum án endurgjalds samkvæmt þessari undirgrein skal stýrt af Íslandi í skrá Sambandsins. Umráðendur loftfara/flugrekendur skulu sækja um það til stjórnvalda á Íslandi, sem ber að úthluta losunarheimildum samkvæmt þessari undirgrein, með fyrirvara um afhendingu og birtingu umráðenda loftfara/flugrekenda á loftslagshlutleysisáætlun. Loftslagshlutleysisáætlun skal vera í samræmi við markmið Íslands, Evrópusambandsins og aðildarríkjum þess um loftslagshlutleysi, í samræmi við Parísarsamninginn og skal tilgreina:

- einstöku atriðin sem lýst er í þriðju undirgrein 4. mgr. 10. gr. b;
- frekari ráðstafanir umráðenda loftfara/flugrekenda, sem gerðar hafa verið eða fyrirhugaðar, til að uppfylla markmið þessarar tilskipunar fram til 31. desember 2026; og
- hvernig kynningastarfsemi flugrekendanna meðal almennings samræmist markmiðinu um loftslagshlutleysi.

Áætlunin skal lögð fram ásamt staðfestingu frá óháðum sannprófanda í samræmi við málsmeðferðarreglurnar um sannpröfun og faggildingu sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

Ofangreind úthlutun af hálfu stjórnvalda á Íslandi um viðbótarúthlutun losunarheimilda skal framkvæmd eftir að umráðandi loftfars/flugrekandi hefur afhent og birt loftslagshlutleysisáætlunina. Að því er varðar raunverulega framkvæmd umráðanda loftfars/flugrekenda á þeim ráðstöfunum sem hafa verið fyrirhugaðar eða sem hann hefur skuldbundið sig til að framkvæma í loftslagshlutleysisáætluninni, skal óháði sannprófaðinn kanna það á hverju ári. Ef óháði sannprófaðinn tilkynnir að umráðandi loftfars/flugrekandi hafi ekki uppfyllt skilyrði í eigin áætlun, skulu stjórnvöld á Íslandi krefjast þess að fá til baka þær losunarheimildir sem hefur verið úthlutað án endurgjalds.“

- d) {³²⁷} 4. mgr. 3. gr. d. fjórði málsliður annarrar undirgreinar 3. mgr. 3. gr. ga, 3. mgr. 10. gr., 6. mgr. 30. gr. d og fyrsta undirgrein h-liðar 3. mgr. 30. gr. e gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- e) {³²⁸} Eftirfarandi málsgreinum er bætt við á eftir fyrstu málsgrein 9. gr.

„Aukning á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna þess að kerfið hefur verið víkkað út þannig að það taki til Liechtenstein og Noregs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal vera í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundnar úthlutunaráætlanir þeirra fyrir árin 2008 til 2012.

Aukning á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna þess að kerfið hefur verið víkkað út þannig að taki til Íslands samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal samsvara 23 934 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings.

Að því er varðar EFTA-ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til við útreikning á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fram í A-hluta viðbættisins.“

- f) {³²⁹} Eftirfarandi málsgrein er bætt við aðra málsgrein 9. gr.:

„Að því er varðar EFTA ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til við útreikning á fjölda losunarheimilda á EES svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2024 samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fram í B hluta viðbættisins.“

{³²⁷} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 334/2023 (Stjttíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³²⁸} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³²⁹} Aðlögunartexta f) var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

- g) Eftirfarandi málslið er bætt við 1. mgr. 9. gr. a.:
- „Að því er varðar Noreg, er árlegur meðalheildarfjöldi losunarheimilda vegna stöðvanna sem nefndar eru í þessari málsgrein 878 850.“
- h) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 9. gr. a.:
- „Að því er varðar stöðvar í EFTA-ríkjunum sem stunda starfsemi sem skráð er í I. viðauka og kerfi Bandalagsins tekur aðeins til frá og með árinu 2013, skal árleg meðallosun skýrslutímabilsins vegna leiðréttingarinnar vera:
- {³³⁰} Ísland: 1 774 646 tonn af jafngildi koltvísýrings.
- Liechtenstein: 0 tonn af jafngildi koltvísýrings.
- Noregur: 5 269 254 tonn af jafngildi koltvísýrings.“
- i) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við á eftir 4. mgr. 9. gr. a.:
- „5. Að því er varðar EFTA-ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til við leiðréttingu á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fram í A-hluta viðbættisins.
6. Framkvæmdastjórnin skal reikna og leiðrétta árlegan fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 í samræmi við ákvæði 9. gr. og þessarar greinar til að ná yfir tölur frá EFTA-ríkjunum sem koma fram í A-hluta viðbættisins. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðréttan fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu frá og með árinu 2013.“
- j) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 2. mgr. 10. gr.:
- „Að því er varðar a-lið, skal hlutur Liechtenstein og Noregs reiknaður út á grundvelli eftirfarandi losunar:
- Liechtenstein: 20 943 tonn af jafngildi koltvísýrings.
- Noregur: 18 635 669 tonn af jafngildi koltvísýrings.
- Að því er varðar Ísland, skal hluturinn sem um getur í a-lið reiknaður út á grundvelli 36 196 tonna af jafngildi koltvísýrings leiðrétt með 899 645 tonnum af jafngildi koltvísýrings, sem er hluti af staðfestri losun fyrir árið 2005 frá stöðvum sem stunda starfsemi sem skráð er í I. viðauka og kerfi Bandalagsins tekur aðeins til frá og með árinu 2013. Hlutur Íslands skal því reiknaður út á grundvelli 935 841 tons af jafngildi koltvísýrings.“
- k) {³³¹} Í lið 10. gr. a. er orðunum „eða hliðstæðar skuldbindingar, í samræmi við innlenda löggjöf í EFTA ríkjunum,“ bætt við á eftir orðunum „8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB“.
- l) Eftirfarandi málslið er bætt við aðra undirgrein 3. mgr. 10. gr. b.:
- „Geirar og undirgeirar í EFTA-ríkjunum skulu senda umsóknir, sem þeim hafa borist, til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim til framkvæmdastjórnarinnar.“
- m) {³³²} Eftirfarandi undirgrein er bætt við aðra undirgrein 12. gr. (3. mgr. d):
- „Ákvarðanir sem varða EFTA ríkin, skulu teknar af sameiginlegu EES nefndinni, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í EES samningnum.“
- n) {³³³} Eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir 12. gr. (3. mgr. c.):

{³³⁰} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 230/2020 (Stjttíð. ESB L 240, 28.9.2023, bls. 103 og EES-viðbætur nr. 70, 28.9.2023, bls. 93), gildistaka 1.2.2021.

{³³¹} Aðlögunartexta k) var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³³²} Aðlögunartexta m) var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³³³} Aðlögunartexta n) var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

„Ákvarðanir sem varða beiðnir frá tveimur EFTA-ríkjum, skulu teknar af sameiginlegu EES nefndinni, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í EES samningnum.“

- o) {³³⁴} Eftirfarandi málslið er bætt við annan málslið 3. mgr. 16. gr.:

„EFTA-ríkin skulu kveða á um sektir fyrir umframlosun sem jafngilda þeim sem gilda í aðildarríkjum ESB.“

- p) Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir 12. mgr. 16. gr.:

„13. EFTA-ríkin skulu senda allar beiðnir skv. 5. og 10. mgr. 16. gr. til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim án tafar til framkvæmdastjórnarinnar.“

- q) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr. 18. gr. a.:

„Umráðendum loftfara skal endurúthluta til EFTA-ríkjanna á árinu 2011, eftir að flugrekandinn hefur uppfyllt skuldbindingar sínar fyrir árið 2010. Upphaflega ábyrgðarríkið getur samþykkt nýjan tímafrest fyrir endurúthlutun umráðenda loftfara sem upphaflega var úthlutað til aðildarríkis á grundvelli viðmiðs sem getið er b-lið, eftir að flugrekandinn hefur lagt fram skýra beiðni þar um innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjórnin samþykkir skrá yfir umráðendur loftfara innan EES, sem kveðið er á um í b-lið 3. mgr. 18. gr. a. Í því tilviki skal endurúthlutun fara fram eigi síðar en árið 2020 að því er varðar viðskiptatímabilið fyrir losunarheimildir sem hefst 2021.“

- r) Í b-lið 3. mgr. 18. gr. a. er orðunum „á EES-svæðinu“ bætt við á eftir orðunum „umráðenda loftfara“.

- s) {³³⁵} Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 18. gr. b:

„Til að sinna verkefnum sínum geta EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA óskað eftir aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) eða annarrar hlutaðeigandi stofnunar og gert viðeigandi samninga við slíkar stofnanir.“

- t) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 20. gr.:

„4. Skrá skal í óháðu viðskiptadagbókina, sem um getur í 1. mgr., útgáfu, framsal og afturköllun losunarheimilda sem varða EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum og flugrekendur sem lúta stjórn þeirra.

Yfirstjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnum sem um getur í 1.–3. mgr. að því er varðar EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum eða flugrekendur sem lúta stjórn þeirra.“

- u) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 25. gr.:

„2. Til losunarheimilda í kerfi Bandalagsins teljast losunarheimildir sem EFTA-ríkin gefa út eða rekstraraðilar í þeim ríkjum selja innan kerfis Bandalagsins. Eftir að Bandalagið hefur gert samning af því tagi sem um getur í þessari grein skal enginn munur gerður á slíkum losunarheimildum.

Framkvæmdastjórnin skal senda EFTA-ríkjunum tímanlega upplýsingar um samningaviðræður og gerð samninga eða samþykktu sem eru ekki bindandi samkvæmt þessari grein.“

- v) {³³⁶} Eftirfarandi er bætt við á eftir d-lið 8. mgr. 30. gr.:

{³³⁴} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttó. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³³⁵} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttó. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³³⁶} Aðlögunartexta s) var bætt við með ákvörðun nr. 334/2023 (Stjttó. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023. Aðlögunartexti s) var endurtölusettur sem aðlögunartexti v) með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttó. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

- „e) mat á tengjanleika flugsamgangna á Íslandi, þ.m.t. á samkeppnishæfni og kolefnisleka sem og umhverfis- og loftslagsáhrifum, og á aðlögunartextanum sem mælt er fyrir um í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023.“
- ea) Á meðan á ferlinu sem sett er fram í 102. gr. EES-samningsins stendur, fyrir hvers kyns framtíðarendurskoðun á þessari tilskipun, skal sameiginlega EES-nefndin hafa í huga niðurstöður og þætti matsins sem vísað er til í 8. mgr. 30. gr.“
- w) ^{337} Eftirfarandi málsliður bætist við í sjöttu undirgrein 4. mgr. 30. gr. d:
- „Í tilvikinu sem um getur í þessari undirgrein, mun hlutur losunarheimilda EFTA-ríkjanna sem verða til ráðstöfunar fyrir félagslega loftslagssjóðinn í samræmi við 8. mgr. b 10. gr. a þessarar tilskipunar, 3. mgr. þessarar greinar og þessarar undirgreinar, ekki verða fyrir áhrifum.“
- x) ^{338} Að því er varðar EFTA-ríkin, kemur eftirfarandi málsliður í stað a-liðar 3. mgr. 30. gr. e:
- „Hlutaðeigandi EFTA-ríki tilkynni Eftirlitsstofnun EFTA um þennan landsbundna kolefnisskatt, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023, og skrái skattahlutfallið með tilvísunum í hlutaðeigandi innlendan gerving að því er varðar gildandi skattahlutfall og tilgreind skattahlutföll til ársins 2030; hlutaðeigandi EFTA-ríki skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um allar síðari breytingar á landsbundna kolefnisskattinum; Eftirlitsstofnun EFTA skal tafarlaust, og eigi síðar en einum mánuði eftir það, senda framkvæmdastjórninni allar tilkynningar frá EFTA-ríki,“
- y) ^{339} Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 3. mgr. 30. gr. e:
- „Fyrir Liechtenstein, mun lokadagur undanþágutímabilsins, 31. desember 2030, verða endurskoðaður sem hluti af næstu ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um tilskipun 2003/87/EB í kjölfar eftirlitsins í júlí 2026 á tilskipuninni, að teknu tilliti til viðeigandi reglna sem gilda í Liechtenstein sökum svæðisbandalags landsins og Sviss og einkum koltvísyringsskattsins og framkvæmdar hans sem reglur hafa verið settar um í samræmi við tvíhliða samning um umhverfisgjöld í ljósi jafngildi þeirra við viðskiptakerfið með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira, og að því marki sem mögulegt er, til niðurstaðna endurskoðunar framkvæmdastjórnarinnar á framkvæmd kafla IVa tilskipunar 2003/87/EB í samræmi við 30. gr. i þessarar tilskipunar.
- Þar til næsta ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um tilskipun 2003/87/EB öðlast gildi, skulu 30. gr. b og 30. gr. f tilskipunar 2003/87/EB ekki gilda um Liechtenstein. Öll þau gögn sem hafa þýðingu varðandi aðlögun fyrir Liechtenstein á fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið sem tengjast viðskiptakerfinu með losunarheimildir sem komið var á fót skv. kafla IVa tilskipunar 2003/87/EB skal taka úr skráum Liechtenstein yfir losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar svo lengi sem vöktunargögn samkvæmt 30. gr. f tilskipunarinnar eru ekki fyrir hendi.“
- z) ^{340} Í 2. mgr. færslunnar „Flug“ í dálknum „Starfsemi“ í töflunni í I. viðauka:
- i) Ákvæði 2. mgr. liðar j) og liðar k) breytt með framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1071 frá 18. maí 2020 og liðar l) koma til framkvæmda frá 1. janúar 2020.
- ii) Ákvæði 2. mgr. liðar j) og liðar k) breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1416 frá 17. júní 2021 og liðar m) koma til framkvæmda frá 1. janúar 2021.
- za) ^{341} Eftirfarandi er bætt við á eftir V. viðauka:

^{337} Aðlögunartexta w) var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

^{338} Aðlögunartexta x) var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), 30.12.2023.

^{339} Aðlögunartexta y) var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), 30.12.2023.

^{340} Aðlögunartexta u) var bætt við með ákvörðun nr. 220/2021 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 10.7.2021. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 22/2022 (Stjttúð. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 34), gildistaka 5.2.2022. Var síðar endurtölusettur sem aðlögunartexti t) með ákvörðun nr. 334/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023. Var síðar endurtölusettur sem aðlögunartexti z) með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), 30.12.2023.

^{341} Aðlögunartexti u) var endurtölusettur sem v) með ákvörðun nr. 220/2021 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 10.7.2021. Var síðar endurtölusettur sem aðlögunartexti u) með ákvörðun nr. 334/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023. Var síðar endurtölusettur sem aðlögunartexti za) með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

„VIÐBÆTIR

A-HLUTI

Tölur frá EFTA-ríkjunum sem skipta máli við útreikning og leiðréttingu á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 skv. 9. gr. og 9. gr. a. tilskipunar 2003/87/EB

1. Tölur EFTA-ríkjanna samkvæmt 9. gr. ^{342}

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

Ísland

Tölur þessar eru grundvallaðar á sannreyndri árlegri meðallosun á árunum 2005 til 2010 frá starfsemi sem í grundvallaratriðum fellur undir ákvæði tilskipunar 2003/87/EB á tímabilinu 2008 til 2012 og samsvara 23 934 losunarheimildum.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	22 685
2014	22 268
2015	21 852
2016	21 435
2017	21 019
2018	20 602
2019	20 186
2020	19 769

Liechtenstein

Tölur þessar eru grundvallaðar á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda Liechtensteins fyrir tímabilið 2008 til 2012 og samsvara 17 943 losunarheimildum, eins og fram kemur í landsbundinni úthlutunaráætlun Liechtensteins.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	17 006
2014	16 694
2015	16 382
2016	16 070
2017	15 758

^{342} Töflunni var skipt út með ákvörðun nr. 230/2020 (Stjtfð. ESB L 240, 28.9.2023, bls. 103 og EES-viðbætur nr. 70, 28.9.2023, bls. 93), gildistaka 1.2.2021.

2018	15 445
2019	15 133
2020	14 821

Noregur

Tölur þessar eru grundvallaðar á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda Noregs fyrir tímabilið 2008 til 2012 og samsvara 14 255 268 losunarheimildum, eins og fram kemur í landsbundinni úthlutunaráætlun Noregs.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	13 511 143
2014	13 263 101
2015	13 015 060
2016	12 767 018
2017	12 518 976
2018	12 270 935
2019	12 022 893
2020	11 774 851

2. Tölur EFTA-ríkjanna samkvæmt 1. mgr. 9. gr. a.

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

Noregur

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	832 974
2014	817 682
2015	802 390
2016	787 098
2017	771 806
2018	756 514
2019	741 222
2020	725 930

3. Tölur EFTA-ríkjanna samkvæmt 2. mgr. 9. gr. a. ^{343}

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

^{343} Tölflunni var skipt út með ákvörðun nr. 230/2020 (Stjóri. ESB L 240, 28.9.2023, bls. 103 og EES-viðbætur nr. 70, 28.9.2023, bls. 93), gildistaka 1.2.2021.

Ísland

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	1 682 010
2014	1 651 131
2015	1 620 252
2016	1 589 373
2017	1 558 494
2018	1 527 616
2019	1 496 737
2020	1 465 858

Noregur

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	4 994 199
2014	4 902 514
2015	4 810 829
2016	4 719 144
2017	4 627 459
2018	4 535 774
2019	4 444 089
2020	4 352 404

B-hluti

Tölur frá EFTA-ríkjunum sem skipta máli við útreikning og leiðréttingu á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður frá árinu 2021 til ársins 2030 skv. 9. gr. og 9. gr. a. tilskipunar 2003/87/EB

Við ákvörðun þessara talna hefur verið notaður línulegur stuðull upp á 2,2% frá árinu 2021 til ársins 2023, upp á 4,3% frá árinu 2024 til ársins 2027 og upp á 4,4% frá árinu 2028. ^{344}

CAP 2021–2030	Ísland	Noregur
---------------	--------	---------

^{344} Dálkinum varðandi Ísland var skipt út með ákvörðun nr. 230/2020 (Stjttúð. ESB L 240, 28.9.2023, bls. 103 og EES-viðbætur nr. 70, 28.9.2023, bls. 93), gildistaka 1.2.2021. Texta B-hluta viðbættisins í aðlögunartexta za) var skipt út með ákvörðun nr. 235/2023 (Stjttúð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

2021	1 432 642	16 304 948
2022	1 393 440	15 858 793
2023	1 354 238	15 412 638
2024	1 227 504	14 242 697
2025	1 148 901	13 331 215
2026	1 045 721	12 140 314
2027	967 476	11 235 954
2028	887 411	10 310 563
2029	807 347	9 385 171
2030	727 282	8 459 779

Í þessum tölum eru ekki taldar þær losunarheimildir sem samsvara innfellingu í gildissvið tilskipunarinnar um viðskiptakerfi með losunarheimildir með gróðurhúsalofttegundir, önnur en losun koltvísýrings frá sjóflutningastarfsemi frá 1. janúar 2026 og umfangs losunar frá grunnsæviskipum frá 1. janúar 2027, byggt á losun þeirra frá nýjasta árinu sem gögn eru tiltæk um.

21ala.^{345} **32010R1031** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (Stjtuð. ESB L 302, 18.11.2010, bls.1), eins og henni var breytt með:

-^{346} **32011R1210** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1210/2011 frá 23. nóvember 2011 (Stjtuð. ESB L 308, 24.11.2011, bls. 2),

-^{347} **32012R0784** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 784/2012 frá 30. ágúst 2012 (Stjtuð. ESB L 234, 31.8.2012, bls. 4),

-^{348} **32012R1042** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1042/2012 frá 7. nóvember 2012 (Stjtuð. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 19),

-^{349} **32013R1143** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1143/2013 frá 13. nóvember 2013 (Stjtuð. ESB L 303, 14.11.2013, bls. 10),

-^{350} **32014R0176** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2014 frá 25. febrúar 2014 (Stjtuð. ESB L 56, 26.2.2014, bls. 11),

-^{351} **32017R1902** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1902 frá 18. október 2017 (Stjtuð. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 13),

^{345} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 152/2012 (Stjtuð. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 43), gildistaka 27.7.2012. Titli gerðarinnar var síðar skipt út með ákvörðun nr. 23/2022 (Stjtuð. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 36), gildistaka 5.2.2022.

^{346} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 152/2012 (Stjtuð. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 43), gildistaka 27.7.2012.

^{347} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 235/2012 (Stjtuð. ESB L 81, 21.3.2013, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 18, 21.3.2013, bls. 43), gildistaka 1.1.2013.

^{348} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 102/2014 (Stjtuð. ESB L 310, 30.10.2014, bls. 70 og EES-viðbætur nr. 63, 30.10.2014, bls. 60), gildistaka 17.5.2014.

^{349} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 102/2014 (Stjtuð. ESB L 310, 30.10.2014, bls. 70 og EES-viðbætur nr. 63, 30.10.2014, bls. 60), gildistaka 17.5.2014.

^{350} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 196/2014 (Stjtuð. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 50 og EES-viðbætur nr. 43, 30.7.2015, bls. 50), gildistaka 26.9.2014.

^{351} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 259/2018 (Stjtuð. ESB L 337, 23.9.2021, bls. 59 og EES-viðbætur nr. 62, 23.9.2021, bls. 55), gildistaka 6.12.2018.

-{³⁵²} **32019R0007** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/7 frá 30. október 2018 (Stjtið. ESB L 2, 4.1.2019, bls. 1),

-{³⁵³} **32019R1868** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1868 frá 28. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 9).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a){³⁵⁴} Að því er EFTA-ríkin varðar, orðast fyrsti málslíður 7. gr. 22. gr. svo:

„EFTA-ríkin skulu upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um auðkenni uppboðshaldarans/-uppboðshaldaranna og samskiptaupplýsingar hans/þeirra, sem mun koma þeim til framkvæmdastjórnarinnar.“

b) Eftirfarandi málslíð er bætt við 2. mgr. 24. gr.:

„Með fyrirvara um gerð samkomulags EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar fyrir sitt leyti sem og fyrir hönd aðildarríkjanna þar sem EFTA-ríkin verða aðilar að samningi um sameiginleg innkaup til þess að tilefna uppboðsvaktara, skulu EFTA-ríkin taka þátt í sameiginlegum aðgerðum í samræmi við þessa grein.“

c) Eftirfarandi málslíð er bætt við 1. mgr. 26. gr.:

„Með fyrirvara um gerð samkomulags EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar fyrir sitt leyti sem og fyrir hönd aðildarríkjanna þar sem EFTA-ríkin verða aðilar að samningi um sameiginleg innkaup til þess að tilefna sameiginlegan uppboðsvettvang, skulu EFTA-ríkin taka þátt í sameiginlegum aðgerðum í samræmi við þessa grein.“

d) Ákvæði 30. til 32. gr. gilda ekki um EFTA-ríkin.

e) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr. 52. gr.:

„Hlutdeild í kostnaði vegna uppboðsvaktara í tengslum við uppboðsvettvanginn sem er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skal skipt milli aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegum aðgerðum og EFTA-ríkjanna í samræmi við hlutdeild þeirra í heildarfjölda losunarheimilda sem boðinn er upp á þeim uppboðsvettvangi sem um ræðir.“

21alb.{³⁵⁵} **32014D0746** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB frá 27. október 2014 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019 (Stjtið. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 114).

21alc. [] {³⁵⁶}

21alca.{³⁵⁷} **32013D0447** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/447/ESB frá 5. september 2013 um staðlaða stuðulinn fyrir nýtingu afkastagetu skv. 2. mgr. 18. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB (Stjtið. ESB L 240, 7.9.2013, bls. 23).

21ald.{³⁵⁸} **32010D0670** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO 2 í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39), eins og henni var breytt með:

{³⁵²} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 245/2019 (Stjtið. ESB L 4, 5.1.2023, bls. 82 og EES-viðbætur nr. 3, 5.1.2023, bls. 76), gildistaka 28.9.2019.

{³⁵³} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 23/2022 (Stjtið. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 36), gildistaka 5.2.2022.

{³⁵⁴} Aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 259/2018 (Stjtið. ESB L 337, 23.9.2021, bls. 59 og EES-viðbætur nr. 62, 23.9.2021, bls. 55), gildistaka 6.12.2018.

{³⁵⁵} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 152/2012 (Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 43), gildistaka 27.7.2012. Texta liðar 21alb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB) var skipt út með ákvörðun nr. 192/2015 (Stjtið. ESB L 8, 12.1.2017, bls. 28 og EES-viðbætur nr. 3, 12.1.2017, bls. 24), gildistaka 11.7.2015.

{³⁵⁶} Lið 21alc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB) var bætt við með ákvörðun nr. 152/2012 (Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 43), gildistaka 27.7.2012. Var síðar felldur brott frá 1. júní 2021 með ákvörðun nr. 144/2020 (Stjtið. ESB L 173, 6.7.2023, bls. 48 og EES-viðbætur nr. 52, 6.7.2023, bls. 47), gildistaka 1.2.2021.

{³⁵⁷} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 238/2013 (Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 29, 22.5.2014, bls. 39), gildistaka 14.12.2013.

{³⁵⁸} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 152/2012 (Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 43), gildistaka 27.7.2012.

-^{359} **32015D0191** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/191 frá 5. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 31, 7.2.2015, bls. 31).

21ale.^{360} **32011R0550** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2011 frá 7. júní 2011 um ákvörðun á tilteknum takmörkunum sem gilda um notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkefna varðandi iðnaðargastegundir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 1).

21alf.^{361} **32010D0634** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/634/ESB frá 22. október 2010 um aðlögun fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið sem gefa skal út samkvæmt kerfi Sambandsins fyrir 2013 og um niðurfellingu ákvörðunar 2010/384/ESB (Stjtið. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 34), eins og henni var breytt með:

- **32013D0448** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/448/ESB frá 5. september 2013 (Stjtið. ESB L 240, 7.9.2013, bls. 27).

21alg.^{362} **32013D0448** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/448/ESB frá 5. september 2013 um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 240, 7.9.2013, bls. 27), eins og henni var breytt með:

-^{363} **32017D0126** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/126 frá 24. janúar 2017 (Stjtið. ESB L 19, 25.1.2017, bls. 93).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda ekki.

21alh.^{364} **32013R1123** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1123/2013 frá 8. nóvember 2013 um að ákvarða alþjóðleg réttindi til inneignar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 32).

21ali.^{365} **32016D0775** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/775 frá 18. maí 2016 um viðmiðun vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 5. mgr. 3. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 128, 19.5.2016, bls. 10).

21alj.^{366} **32015D1814** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarsjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1), eins og henni var breytt með:

-^{367} **32018L0410** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 (Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3),

-^{368} **32023D0852** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/852 frá 19. apríl 2023 (Stjtið. ESB L 110, 25.4.2023, bls. 21),

^{359} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 121/2015 (Stjtið. ESB L 211, 4.8.2016, bls. 82 og EES-viðbætur nr. 42, 4.8.2016, bls. 79), gildistaka 1.5.2015.

^{360} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 152/2012 (Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 43), gildistaka 27.7.2012.

^{361} Liðnum og undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 238/2013 (Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 29, 22.5.2014, bls. 39), gildistaka 14.12.2013.

^{362} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 238/2013 (Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 29, 22.5.2014, bls. 39), gildistaka 14.12.2013.

^{363} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 110/2017 (Stjtið. ESB L 142, 7.6.2018, bls. 9 og EES-viðbætur nr. 37, 7.6.2018, bls. 13), gildistaka 14.6.2017.

^{364} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 60/2014 (Stjtið. ESB L 256, 28.8.2014, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 49, 28.8.2014, bls. 34), gildistaka 11.4.2014.

^{365} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 252/2016 (Stjtið. ESB L 215, 23.8.2018, bls. 50 og EES-viðbætur nr. 56, 23.8.2018, bls. 66), gildistaka 3.12.2016.

^{366} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 165/2018 (Stjtið. ESB L 67, 25.2.2021, bls. 59 og EES-viðbætur nr. 13, 25.2.2021, bls. 64), gildistaka 7.7.2018.

^{367} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 112/2020 (Stjtið. ESB L 172, 6.7.2023, bls. 33 og EES-viðbætur nr. 51, 6.7.2023, bls. 32), gildistaka 1.2.2021.

^{368} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

- ^{369} **32023L0959** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134).
- 21alk.^{370}**32019R0856** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/856 frá 26. febrúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins (Stjtíð. ESB L 140, 28.5.2019, bls. 6), eins og henni var breytt með:
- ^{371} **32021R1204** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1204 frá 10. maí 2021 (Stjtíð. ESB L 261, 22.7.2021, bls. 4),
- ^{372} **32023R2537** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2537 frá 15. september 2023 (Stjtíð. ESB L, 2023/2537, 20.11.2023).
- 21all.^{373}**32019R0331** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8).
- Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
- Eftirfarandi málslið er bætt við aðra undirgrein 4. mgr. 18. gr.:
- „Hvað EFTA-ríkin varðar jafngildir tilkynning til Eftirlitsstofnunar EFTA tilkynningu til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að því er varðar úthlutun losunarheimilda samkvæmt reglunni „fyrstir koma, fyrstir fá“.
- 21alm.^{374}**32019D0708** - Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/708 frá 15. febrúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ákvörðun á því hvaða gearar og undirgeirar teljast vera í áhættu á kolefnisleka á tímabilinu frá 2021 til 2030 (Stjtíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 20).
- 21aln.^{375}**32021D0355** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/355 frá 25. febrúar 2021 um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 221), eins og henni var breytt með:
- ^{376} **32022D1028** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1028 frá 27. júní 2022 (Stjtíð. ESB L 172, 29.6.2022, bls. 21).
- 21alo.^{377}**32021R0447** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447 frá 12. mars 2021 um að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 skv. 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 87, 15.3.2021, bls. 29).
- 21alp.^{378}**32021D0927** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/927 frá 31. maí 2021 um að ákvarða samræmdan leiðréttingarstuðul, sem liggur þvert á atvinnugreinar, til að aðlagða úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið 2021 til 2025 (Stjtíð. ESB L 203, 9.6.2021, bls. 14).

^{369} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 335/2023 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

^{370} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 143/2020 (Stjtíð. ESB L 173, 6.7.2023, bls. 47 og EES-viðbætur nr. 52, 6.7.2023, bls. 46), gildistaka 1.2.2020.

^{371} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 309/2021 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

^{372} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 337/2023 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

^{373} Liðnum og aðlögunartextum var bætt við með ákvörðun nr. 144/2021 (Stjtíð. ESB L 173, 6.7.2023, bls. 48 og EES-viðbætur nr. 52, 6.7.2023, bls. 47), gildistaka 1.2.2021. Var síðar leiðrétt fyrir birtingu með leiðréttingu frá 5.2.2021.

^{374} Lið 21alm var bætt við með ákvörðun nr. 231/2020 (Stjtíð. ESB L 240, 28.9.2023, bls. 106 og EES-viðbætur nr. 70, 28.9.2023, bls. 95), gildistaka 12.12.2020.

^{375} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 221/2021 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 10.7.2020.

^{376} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 105/2023 (Stjtíð. ESB L, 2023/02258, 9.11.2023 og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 52), gildistaka 29.4.2023.

^{377} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 221/2021 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 10.7.2020.

^{378} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 310/2021 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2020.

- 21alq.{³⁷⁹} **32020D2166** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2166 frá 17. desember 2020 um að ákvarða uppboðshlutdeild aðildarríkja í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tímabilinu 2021–2030 (Stjtið. ESB L 431, 21.12.2020, bls. 66).
- 21alr.{³⁸⁰} **32023R2297** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2297 frá 26. október 2023 um að tilgreina aðliggjandi gámaumfermingarhafnir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L, 2023/2297, 27.10.2023).
- 21als.{³⁸¹} **32023R2599** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2599 frá 22. nóvember 2023 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar stjórnun stjórnsýsluyfirvalda, að því er varðar skipafélag, á skipafélögum (Stjtið. ESB L 2023/2599, 23.11.2023).
- 21alt.{³⁸²} **32023D2440** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2440 frá 27. október 2023 um heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu sem skal úthluta að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrir árið 2024 (Stjtið. ESB L, 2023/2440, 31.10.2023).
- 21am. [] {³⁸³}
- 21an. [] {³⁸⁴}
- 21ana.{³⁸⁵} **32013R0389** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtið. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1), eins og henni var breytt með:
- {³⁸⁶} **32015R1844** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1844 frá 13. júlí 2015 (Stjtið. ESB L 268, 15.10.2015, bls. 1),
- {³⁸⁷} **32018R0208** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/208 frá 12. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2018, bls. 3),
- {³⁸⁸} **32019R0401** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/401 frá 19. desember 2018 (Stjtið. ESB L 72, 14.3.2019, bls. 4), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 193,
- {³⁸⁹} **32019R1123** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1123 frá 12. mars 2019 (Stjtið. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 63).

{³⁷⁹} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 393/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2020.

{³⁸⁰} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 338/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³⁸¹} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 339/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.12.2023.

{³⁸²} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 41/2024 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 3.2.2024.

{³⁸³} Lið 21am (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB) var bætt við með ákvörðun nr. 146/2007 (Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 92 og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 90) gildistaka 29.12.2007. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 55/2008 (Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 53 og EES-viðbætur nr. 52, 21.8.2008, bls. 26), gildistaka 26.4.2008. Var síðar felldur brott frá 1.1.2013 með ákvörðun nr. 235/2012 (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2013, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 18, 21.3.2013, bls. 43), gildistaka 1.1.2013.

{³⁸⁴} Texta liðar 21an (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004) var bætt við með ákvörðun nr. 146/2007 (Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 92 og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 90), gildistaka 29.12.2007. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 156/2011 (Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 15, 15.3.2012, bls. 47), gildistaka 1.1.2012. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 59/2014 (Stjtið. ESB L 256, 28.8.2014, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 49, 28.8.2014, bls. 31), gildistaka 11.4.2014.

{³⁸⁵} Liðnum og aðlögunartextum var bætt við með ákvörðun nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2013, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 18, 21.3.2013, bls. 45), gildistaka 1.1.2013. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 59/2014 (Stjtið. ESB L 256, 28.8.2014, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 49, 28.8.2014, bls. 31), gildistaka 11.4.2014.

{³⁸⁶} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 284/2015 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 1.11.2015.

{³⁸⁷} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 100/2018 (Stjtið. ESB L 340, 15.10.2020, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 66, 15.10.2020, bls. 46), gildistaka 28.4.2018.

{³⁸⁸} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 178/2019 (Stjtið. ESB L 291, 10.11.2022, bls. 69 og EES-viðbætur nr. 74, 10.11.2022, bls. 73), gildistaka 15.6.2019.

{³⁸⁹} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 157/2021 (Stjtið. ESB L 2024/138, 25.1.2024 og EES-viðbætur nr. 7, 25.1.2024, bls. 35), gildistaka 24.4.2021.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Skrá skal útgáfu, millifærslu og ógildingu losunarheimilda vegna EFTA-ríkjanna, flugrekenda þeirra og flugrekenda sem þeir stjórna í viðskiptadagbók Evrópusambandsins.

Yfirstjórnandinn skal vera til þess bær að sinna þeim störfum sem um getur í 1. til 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB þegar EFTA-ríkin, flugrekendur þeirra eða flugrekendur sem þeir stjórna eiga hlut að máli.

- b) Eftirfarandi málsliður bætist við í 4. mgr. 8. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal samræma framkvæmd þessarar reglugerðar ásamt landsstjórnendum í hverju EFTA-ríki um sig og yfirstjórnandanum.“

- c) Eftirfarandi málsliður bætist við í 7. mgr. 34. gr.:

„Orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ komi í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ þegar reikningshafar í lögsögu EFTA-ríkis eiga hlut að máli.“

- d) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 51. gr., 2. mgr. 52. gr., 2. mgr. 54. gr. og 3. mgr. 55. gr.:

„Þegar um er að ræða töflur aðildarríkja EFTA um úthlutun skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli.“

- e) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 59. gr.:

„Þegar um er að ræða alþjóðleg réttindi EFTA-ríkjanna til inneignar, skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli.“

- f) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 1. mgr. 96. gr. og 2. mgr. 97. gr.:

„Þegar um er að ræða reikninga í lögsögu EFTA-ríkis skal framkvæmdastjórnin þegar í stað tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um fyrirmæli sem hún hefur gefið yfirstjórnandanum og ástæðurnar fyrir þessum fyrirmælum.

Ef tímabundin niðurfelling aðgangs er ekki þverlæg og að svo miklu leyti sem henni er beint að einstökum reikningum í lögsögu EFTA-ríkis, skal Eftirlitsstofnun EFTA, innan þriggja virkra daga, samþykkja ákvörðun um gildissvið fyrirmæla framkvæmdastjórnarinnar, á grundvelli skýringa framkvæmdastjórnarinnar. Ef Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir ekki ákvörðun hefur það ekki áhrif á gildi fyrirmæla framkvæmdastjórnarinnar eða á þær aðgerðir sem yfirstjórnandinn grípur til.“

- g) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 97. gr.:

„Orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ komi í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ þegar reikningshafar í lögsögu EFTA-ríkis eiga hlut að máli.“

- h) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 99. gr.:

„Landsstjórnandi EFTA-ríkis getur óskað eftir því við Eftirlitsstofnun EFTA að hún hefji á ný ferli sem hafa verið stöðvuð í samræmi við 1. mgr. ef hann telur að úrlausnarefnin sem ollu stöðvuninni hafi verið útkljáð. Ef svo er skal Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að hefja þessi ferli á ný. Að öðrum kosti skal hún hafna beiðninni innan hæfilegs frests og upplýsa landsstjórnandann um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.“

- i) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 110. gr.:

„Þegar reikningshafar í lögsögu EFTA-ríkis eiga hlut að máli, getur yfirstjórnandi afhent slíkar upplýsingar að fengnu fyrirframsamþykki Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- j) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 6. mgr. 110. gr.:

„Evrópulögreglan skal upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnina um notkun sína á gögnunum þegar reikningshafar í lögsögu EFTA-ríkis eiga hlut að máli.“

21anb.{³⁹⁰} **32019R1122** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (Stjtið. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 3), eins og henni var breytt með:

- **32019R1124** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1124 frá 13. mars 2019 (Stjtið. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 66),

-{³⁹¹} **32023R1642** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1642 frá 14. júní 2023 (Stjtið. ESB L 206, 21.8.2023, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) {³⁹²}Skrá skal í skrá Sambandsins framsal og afturköllun losunarheimilda sem varða EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum og flugrekendur sem lúta stjórn þeirra.

Miðlægi stjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnum sem um getur í 1.–3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB hvað EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum eða flugrekendur sem lúta stjórn þeirra varðar.

- b) Eftirfarandi setningu er bætt við 4. mgr. 7.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal annast samræmingu við framkvæmd þessarar reglugerðar með landsstjórnendum í hverju EFTA-ríki og miðlæga stjórnandanum.“

- c) Eftirfarandi setningu er bætt við í 8. mgr. 30. gr.:

„Hugtakið „Eftirlitsstofnun EFTA“ kemur í stað hugtaksins „framkvæmdastjórnin“ þegar um er að ræða reikningshafa sem heyrir undir lögsögu EFTA-ríkis.“

- d) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 46. gr., 3. mgr. 47. gr., 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr.:

„Hvað töflur EFTA-ríkjanna yfir landsbundna úthlutun varðar, skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa miðlæga stjórnandanum fyrirsmæli.“

- e) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 65. gr., 2. mgr. 66. gr. og 1. og 4. mgr. 68.:

„Ef um er að ræða reikninga sem heyra undir lögsögu EFTA-ríkis, skal framkvæmdastjórnin þegar upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um þau fyrirsmæli sem miðlæga stjórnandanum hafa verið gefin og þær ástæður sem liggja að baki þeim fyrirsmælum.“

Ef ekki er um að ræða þverlæga lokun fyrir aðgang og að því marki sem lokun beinist að einstökum reikningum sem heyra undir lögsögu EFTA-ríkis, skal Eftirlitsstofnun EFTA samþykka ákvörðun innan þriggja daga um gildissvið fyrirsmæla framkvæmdastjórnarinnar, sem grundvöllur er á skýringum framkvæmdastjórnarinnar. Ef ekki liggur fyrir ákvörðun af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA hefur það ekki áhrif á gildi leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar eða aðgerða sem miðlægi stjórnandinn grípur til.“

{³⁹⁰} Liðnum, undirliðnum og aðlögunartextum var bætt við með ákvörðun nr. 126/2021 (Stjtið. ESB L 2024/107, 18.1.2024 og EES-viðbætur nr. 5, 18.1.2024, bls. 65), gildistaka 20.3.2021.

{³⁹¹} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 336/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 9.12.2023.

{³⁹²} Orðunum „viðskiptadagbók ESB útgáfu var skipt út fyrir „skrá Sambandsins“ með ákvörðun nr. 336/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 9.12.2023.

- f) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr. 66. gr.:

„Hugtakið „Eftirlitsstofnun EFTA“ kemur í stað hugtaksins „framkvæmdastjórnin“ þegar um er að ræða reikningshafa sem heyrir undir lögsögu EFTA-ríkis.“

- g) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr. 68. gr.:

